

Að vakta lesskilninginn:

LESTRARHNÚTAR

Aldurshópur

Allir nemendur

Um aðferðina

Allir lesarar þurfa að temja sér góð vinnubrögð sem hjálpa þeim að skilja efni texta og þeir sem eru orðnir færir lesarar beita oft ýmsum brögðum í glímu við texta. Ungir lesarar eru sjaldnast meðvitaðir um lestrarferlið sitt og beita ekki markvissum aðferðum í lestri til að tryggja það að þeir skilji efni texta. Þeir þurfa því að fá beina kennslu í vinnubrögðum sem gagnast við að skilja hann en með slíkum vinnubrögðum öðlast þeir aukið sjálfstæði í lestri.

Ástæður fyrir því að lesskilning þrýtur eru einkum tvær: Lesarinn á í erfiðleikum með að umskrá orð eða hann rekst á orð sem hann skilur ekki. Hann þarf því að byrja á því að spyrja sjálfan sig að því hvort hann eigi í vandræðum með lesturinn (að umskrá orðið) eða hvort hann skilji það ekki. Þetta getum við kallað lestrarhnút (clunk) sem þarf að leysa (declunk). Texti getur einnig innhaldið flóknar hugmyndir eða fyrirbæri sem lesarinn þarf að fá skýringar á (clarification) og þá er gott að vita hvernig á að bera sig að.

Eins og áður segir er námsvitund ungra lesara oft ekki þroskuð og því þurfa þeir að fá beina tilsögn kennara varðandi það hvaða aðferðum er best að beita og þá í gegnum stigskiptan stuðning. Þessi vinna fer að öllu leyti fram munnlega en þar lýsir kennarinn hvaða aðferðum hann beitir í glímu sinni við textann. Með þessu fær nemandinn innsýn í þá tækni sem góður lesari beitir við lestur.

Markmið

- Að nemandinn skilji hvers vegna góðir lesarar leita skýringa samhliða lestri.
- Að nemandinn læri að bera kennsl á þann hluta textans sem hann þarf að fá skýringu á og noti árangursríka aðferð til að greiða úr vandanum.
- Að nemandinn átti sig á því hvað lestrarhnútur er og hvað hann þarf að gera til að leysa hann.
- Að nemandinn beiti fjölbreyttum leiðum til að leysa lestrarhnúta og fái skýringar á því sem hann ekki skilur.

Gögn

- Bókamerki sem er ætlað að minna nemendur á tækni sem þeir geta nýtt sér til að leysa lestrarhnúta og leita skýringa við lestur texta.
- Veggspjald sem kennarar geta hengt upp í skólastofunni til að minna nemendur á bjargirnar sem þeir geta notað í glímu sinni við textann.

Framkvæmd

Við innlöggn á tækninni þarf kennarinn að beita sýnikennslu með því að orða hugsanir sínar og leyfa nemendum að heyra hvernig hann greiðir fyrir skilningi sínum eftir markvissum leiðum. Eftir því sem námsvitund nemenda eykst og þeir verða sjálfstæðari í lestri getur kennarinn minnkað stuðning sinn en líklegt er að sumir nemendur þurfi meiri hvatningu til að nota þessar þjargir en aðrir. Þá getur verið gott að grípa til bókamerkisins en þessi tækni ýtir undir sjálfstæði nemenda í vinnu með flóknari texta. Vekja þarf athygli nemenda á að þessi tækni virkar ekki alltaf og þeir geti því þurft að leita til sér fróðari manna eða nota önnur gögn til að skilja það sem þeir eru að lesa. Mikilvægast er að nemendur læri að vera virkir í lestri og að þeir þekki og nýti sér úrræði til að efla lesskilning sinn.


Tæknin

Þetta eru meðal annars leiðirnar sem góður lesari notar til að greiða fyrir skilningi á texta en appelsínuguli textinn er texti sem kennarar geta notað í sýnikennslu til að koma hugsuninni til skila.

- Góður lesari endurles þann hluta textans eða efnisgreinina sem veldur honum heilabrotum.
(Ég skil ekki _____. Ég ætla að endurlesa efnisgreinina/textabrotið aftur.)
- Hann geymir hnútinn og les áfram til að afla sér frekari upplýsinga og til að glöggva sig á betur á samhengi í texta.
(Ég skil ekki _____. Ég ætla að lesa áfram og athuga hvort þetta skýrist betur.)
- Hann rifjar upp allt sem hann veit um efnið með því að nýta bakgrunnsþekkingu sína.
(Hvað veit ég nú þegar um efnið?)
- Hann nýtir sér orðhlutagreiningu til að komast að merkingu orðs.
(Ég ætla að taka orðið í sundur og athuga hvort ég geti notað orðhlutana til að komast að merkingunni).
- Hann veltir fyrir sér hvort orðið/setningarhlutinn/textabrotið skipti höfuðmáli fyrir lesskilning sinn.
(Þessi hluti textans er mjög snúinn. Verð ég að skilja hann til að fá nægilega góða hugmynd um efni textans?)
- Hann leitar annað til að fá skýringar á því sem hann skilur ekki.
(Ef ég get ekki leyst úr þessu sjálf/ur get ég spurt aðra eða notað orðabók).

Hvernig leysi ég

LESTRARHNÚTA?



Ég les aftur.

Ég geymi hnútinn og les áfram.

Ég rifja upp hvað ég veit um efnið.

Ég greini orðið í orðhluta.


Skiptir orðið máli?

Ég spyr aðra.



Lestrarhnútur er orð, orðasamband eða hugmynd í texta sem lesarinn skilur ekki.

Hvernig leysi ég lestrarhnúta?



Ég les aftur.

Ég geymi
hnútinn
og les áfram.



Ég rifja upp
hvað ég veit
um efnið.


Ég greini orðið
í orðhluta.

Skiptir orðið
máli?

Ég spyr aðra.



Hvernig leysi ég lestrarhnúta?



Ég les aftur.


Ég geymi
hnútinn
og les áfram.

Ég rifja upp
hvað ég veit
um efnið.

Ég greini orðið
í orðhluta.

Skiptir orðið
máli?

Ég spyr aðra.



Hvernig leysi ég lestrarhnúta?

Ég les aftur.

Ég geymi
hnútinn
og les áfram.



Ég rifja upp
hvað ég veit
um efnið.

Ég greini orðið
í orðhluta.

Skiptir orðið
máli?

Ég spyr aðra.

